Bjartari horfur í sölu á grásleppuhrognum

Óseld hrogn ekki að þvælast fyrir

Betra hljóð er í grásleppukörlum en áður. Engar birgðir eru á markaðnum og ágætar söluhorfur. Ekki liggur fyrir hver fjöldi veiðidaga á vertíðinni verður.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrettir.is

Nú verður allt önnur staða í upphafi grásleppuvertíðar en var í fyrra og hittifyrra. Óseld hrogn eru ekki að þvælast fyrir mönnum og verð á söltuðum hrognum hækkaði örlítið milli áranna 2013 og 2014," sagði Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, í samtali við Fiskifréttir.


Örn Pálsson.

Minnsta veiðin

Rætt var við Örn eftir árlegan upplýsingafund um grásleppumál – LUROMA – sem var haldinn í Amsterdam í lok síðustu viku. Landssamband smábátaeigenda hefur frá upphafi séð um skipulagningu og boðun þessara funda. Þátttaka á fundinum nú var mjög góð og komu fulltrúar frá alls níu löndum.

Meðal þess sem kom fram á fundinum var að heildarveiði í fyrra, hjá þeim þjóðum sem grásleppuveiðar stunda, var sú minnsta í þau 40 ár sem samantekt talna um grásleppuveiðar nær yfir. Það er í nokkru samhengi við að markaður fyrir grásleppukavíar hefur gefið eftir á undanförnum árum.

Ísland og Grænland með 94%

Grænland og Ísland eru leiðandi í veiðum á grásleppu og hafa verið það undanfarin átta ár, eða frá að því veiðar á Nýfundnalandi drógust verulega saman. Síðasta vertíð skilaði grænlenskum veiðimönnum 9.400 tonnum af söltuðum grásleppuhrognum. Íslenskum grásleppukörlum skilaði hún 7.710 tunnum auk verðmæta í grásleppunni sjálfri. Alls var afli þessara tveggja þjóða 94% af heildarveiðinni.

Veiði á Nýfundnalandi og í Noregi var nánast engin. Aftur á móti glæddust veiðar hjá Svíum og Dönum.

Meiri áhugi

Örn sagði að talsverður áhugi væri nú meðal íslenskra grásleppukarla fyrir veiðunum í ár, enda söluhorfur betri en í fyrra eins og áður sagði. Þá hefði veiðin hjá Grænlendingum minnkað sem dregið hefði úr heildarframboði.

Í heild nam framleiðslan í fyrra rúmum 18 þúsund tunnum en Örn sagði að þrátt fyrir að markaður fyrir grásleppukavíar hefði skroppið aðeins saman mætti búast við að óhætt yrði að framleiða rúmar 20 þúsund tunnur í ár.

Óvissa um fjölda daga

Samkvæmt drögum að reglugerð um hrognkelsaveiðar hefst vertíðin 20. mars og verður útgefinn upphafsfjöldi daga 20 eins og í fyrra. Endanlegur fjöldi veiðidaga mun liggja fyrir um mánaðamótin mars/apríl, þegar niðurstöður úr vorralli Hafrannsóknastofnunar liggja fyrir. „Mælingarnar í fyrra komu vel út og því á ég von á að ráðlagður heildarafli verði meiri en í fyrra nema það komi bakslag í mælingar í vorralli að þessu sinni," sagði Örn Pálsson.




Gulltoppur GK

Afla

Sk

GÍSLI REYNI

Nýliðin
fer s
ir m
hann
einn versti
lega séð í
mjög slæm
aðarins og
skjótast út
bátanna va
ar þeir kom
stóru bei
var með mi
athygli að
Anna EA, kc
og var hún
afla en hini

Net og drag

Netaveiðin
og bátarnir
náðu að br
lega út þar
hæstur og ja
yfir 200 ton
frá Dalvík
fiskaði nokk

Dragnótav
hún lagaðist
unum undi
léleg hjá bá
unum. Einu
yfir 100 ton
Steinunn SH
Góð veiði va
réru í Húna
ST og Hörpu

Smábátar

Kristinn SH
bátanna me
ar er rétt að
efstu bátar
anum yfir
tonna bátar
voru undir
hæst og vek
SU var með
að meðalta